

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**210. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **7. júní 2012 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

## Dagskrá :

1. Viðræður við umhverfisstjóra.
2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
3. Erindi frá Öxl ehf.

## Tekið á dagskrá :

4. Erindi Halldórs Pálssonar.

## Afgreiðslur:

1. Umhverfisstjóri, Ína Björk Ársælsdóttir mætti til viðræðna við ráðið og kynnti verkefni liðins vetrar og verkefni sumarsins.
2. Byggingarfulltrúi kynnti afgreiðslu sína á umsókn um breytingar á gamla Staðarskála, fastanr. 213-2865. Slökkviliðsstjóri bendir á að gera þurfi ráð fyrir tveim óháðum flóttaleiðum úr hverju gistiherbergi skv. grein nr. 9.5.3. byggingarreglugerðar nr.112/2012.
3. Olivia Weaving kt. 200272-2699 f.h. Axlar ehf. kt. 420505-1160 sækir um leyfi til að breyta hlöðu í fjós með legubásnum, smákálfaplássu og fóðurgangi. Ráðið felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

## Tekið á dagskrá:

4. Halldór Pálsson kt. 170569-5719, sækir um að rífa og fjarlægja fjárhús og hlöðu fastanr. 213-4928. Ráðið samþykkir erindið.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.**

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Guðjón Þórarinn Loftsson (sign.),  
Víglandur Gunnþórsson (sign.),  
Anna María Elíasdóttir (sign.),  
Unnsteinn Andrésson (sign.),  
Erla B Kristindóttir (sign.),  
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi (sign.),  
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri (sign.),